

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 129/2001**

**frá 23. nóvember 2001**

**um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna)**  
**við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 102/2001 frá 26. október 2001<sup>(1)</sup>.
- 2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/288/EB frá 4. apríl 2000 um breytingu á ákvörðun 92/486/EBE um fyrirkomulag á samvinnu milli móðurstöðvar Animo og aðildarríkjanna<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 3) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/351/EB frá 3. maí 2000 um málsmeðferð við tilnefningu nýs sameiginlegs hýsiþjóns fyrir samþætta tölvuvædda dýraheilbrigðiskerfið<sup>(3)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 4) Ákvörðun þessi gildir ekki um Liechtenstein.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

Hluta 1.2 í I. kafla I. viðauka við samninginn skal breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 12. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 92/486/EBE):

„- **32000 D 0288:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/288/EB frá 4. apríl 2000 (Stjtið. EB L 98, 19.4.2000, bls. 37).“

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 322, 6.12.2001, bls. 6 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 60, 6.12.2001, bls. 6.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 98, 19.4.2000, bls. 37.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 124, 25.5.2000, bls. 61.

2. Eftirfarandi liður komi aftan við 103. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/350/EB):

„104. **32000 D 0351**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/351/EB frá 3. maí 2000 um málsmeðferð við tilnefningu nýs sameiginlegs hýsiþjóns fyrir samþætta tölvuvædda dýraheilbrigðiskerfið (Stjtið. EB L 124, 25.5.2000, bls. 61).“

Þessi gerð gildir einnig um Ísland.“

2. gr.

Texti ákvarðana framkvæmdastjórnarinnar 2000/288/EB og 2000/351/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 24. nóvember 2001, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 23. nóvember 2001.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*  
*Formaður*

*E. Bull*

*Ritarar*  
*sameiginlegu EES-nefndarinnar*

*P.K. Mannes*

*M. Brinkmann*

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

